

*Alþingi
Erindi nr. P 131/1508
komudagur 22.4. 2005*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Varðar samgönguáætlun 2005-2008, 721. mál

Á fundi bæjarráðs Ölfuss þann 14. apríl sl. var farið yfir tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, 721. mál.

Eftirfarandi var samþykkt:

"Bæjarráð Ölfuss hefur kynnt sér samgönguáætlun 2005-2008. Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til Suðurstrandarvegar á gildistíma hennar.

Með kjördæmabreytingu og þar með tilkomu Suðurkjördæmis boðuðu þingmenn og ráðherrar að vegur sem tengdi kjördæmin á Reykjanesi og Suðurlandi saman kæmu með suðurströndinni. Vegurinn hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og hönnun hans hafin. Jafnframt hefur fé verið veitt til hans á undanförnum árum.

Í átaki ríkisstjórnar Íslands til atvinnusköpunar sem kynnt var fyrri hluta vetrar 2003 af Davíð Oddssyni þáverandi forsætisráðherra og Halldóri Ásgrimssyni þáverandi utanríkisráðherra var gert ráð fyrir fjárveitingum til Suðurstrandarvegar sem dugað hefði til lagningar meginhluta vegarins. Eftir alþingiskosningarnar sama ár var stór hluti fjárveitingarinnar dreginn til baka.

Bæjarráð átelur harðlega þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við ákvarðanir um fjárveitingar og telur þau algjörlega óásættanleg. Bæjarráð skorar því á forsætisráðherra og utanríkisráðherra og þingmenn kjördæmisins að standa við gefin fyrirheit um lagningu Suðurstrandarvegar með því að tryggja fjármagn til framkvæmda á samgönguáætlun 2005-2008"

Þetta tilkynnist hér með.

Ölfusi 24. apríl 2005

Virðingarfyllst,

Ólafur Áki Ragnarsson